

Alþingi
Erindi nr. P 133/435
komudagur 1.12.2006



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2006
Tilv. 005/2006 - 0.53
SHJ

Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um landlæknisembættið

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar á frumvarpi til laga um embætti landlæknis, sbr. bréf heilbrigðis- og trygginganefndar dags. 10.11.06.

Lýðheilsustöð fagnar nýjum og skýrari lögum um Landlæknisembættið en ítrekar um leið fyrri umsögn sína til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um nauðsyn þess að lög um Lýðheilsustöð, nr.18/2003, séu endurskoðuð samhliða. Þetta er nauðsynlegt til að hlutverk og verkaskipting þessara tveggja stofnana skýrist enn frekar. Lýðheilsustöð telur mjög miður að það sé ekki gert því nauðsynlegt er að skýra betur ábyrgðarsvið hvorrar stofnunar fyrir sig og að gæta samræmis í reglum um starfsemi stofnananna, t.a.m. hvenær stofnunum tveimur ber að leita samráðs hjá hvor annarri, hvernig og undir hvaða kringumstæðum ber að veita upplýsingar á milli stofnananna.

Í 8. gr. frumvarpsins segir:

Aðrar stofnanir sem heyra undir Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og safna upplýsingum á heilbrigðissviði, svo sem Lyfjastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Lýðheilsustöð skulu jafnframt veita landlækni aðgang að upplýsingum sem aflað er í starfsemi þeirra og eru nauðsynlegar til að halda heilbrigðisskrár skv. 1. og 2. mgr. eða til að sinna eftirliti samkvæmt lögum þessum. Skulu þessar stofnanir hafa samráð við landlækni við söfnun og skráningu þessara upplýsinga og miðlun þeirra til landlæknis.

Hér er kveðið á um að Lýðheilsustöð beri skylda til að veita landlækni tiltekna upplýsingar og hafa samráð við hann um öflun og skráningu þeirra. Þannig getur skapast óvissa um hvort Lýðheilsustöð geti tekist á við rannsóknir nema að höfðu samráði við landlækni. Jafnframt er óljóst hvort landlæknir eigi rétt á frumgögnum rannsókna eða eingöngu úrvinnslu úr þessum gögnum og einnig skapar þetta hættu á að óljóst verði hver sé eigandi gagna. Í starfi sínu aflar Lýðheilsustöð ýmissa gagna og er varið til þess háum fjárhæðum af ráðstöfunarfé stofnunarinnar. Að óbreyttu getur orðið ágreiningur um hver eigi að standa straum að kostnaði við gagnaöflun og er nauðsynlegt að þetta sé alveg skýrt.

Lýðheilsustöð leggur til að í athugasemdum með frumvarpinu sé skýrt að þó Lýðheilsustöð leggi landlækni til umbeðnar upplýsingar, þá varveiti stofnunin sjálf frumgögnin.

Það atriði frumvarpsins að stofnun beri að hafa samráð við landlækni um rannsóknavinnu má skilja sem svo að Lýðheilsustöð beri að hafa samráð við landlækni um allar rannsóknir stofnunarinnar. Sem dæmi um slíkar rannsóknir má nefna könnun á viðhorfi skólastjóra og foreldra til hreyfingar og næringar í grunnskólum, mælingar á tíðni reykinga og áfengisneyslu í landinu. Sé þetta réttur skilningur á samráðsskyldunni er ljóst að hún mun hafa verulega heftandi áhrif á allt rannsóknastarf Lýðheilsustöðvar og gæti einnig verið íþyngjandi fyrir aðra starfsemi beggja stofnananna.

Fyrirnefnd mgr. úr 8. gr. frumvarpsins endar svo: „*Upplýsingar samkvæmt ákvæði þessu skulu veittar landlækni án endurgjalds* .“ Síðar í 8. gr. frumvarpsins kemur svo fram að „*Landlækni er heimilt að taka gjald fyrir úrvinnslu úr heilbrigðisskrám ...* ”

Þarna gætir ósamræmis í skyldum og réttindum stofnanna tveggja. Hjá Lýðheilsustöð starfar slysavarnarráð og verkefnastjórar slysavarna sem þurfa að nýta gögn úr slysaskrá við starf sitt. Samkvæmt ofangreindu gæti landlæknir krafist Lýðheilsustöð um greiðslu fyrir þær upplýsingar sem þörf er á úr skránni en á sama tíma gæti landlæknisembættið krafist Lýðheilsustöð um upplýsingar úr gagnasafni stöðvarinnar, sem alla jafna fæli í sér ákveðna vinnu, án endurgjalds. Lýðheilsustöð telur að þarna þurfi að koma í veg fyrir ósamræmi á milli stofnananna og væntir þess að þetta verði skýrt í athugasemdum með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Anna E. Ólaf

Anna Elísabet Ólafsdóttir,
forstjóri Lýðheilsustöðvar